



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Aðalstræti 92
450 Patreksfjörður

Ísafjörður, 3. janúar 2019
2018010057

Efni: Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Eftirfarandi erindi barst frá Sýslumanninum á Vestfjörðum þann 09.11.2018, þar sem umsagnar Ísafjarðarbæjar á umsókn Snorra Sigurhjartarson, f.h., Oddfellowhússins á Ísafirði, vegna umsóknar um rekstrarleyfi til veitingu veitinga í flokki II-G að Aðalstræti 35, Ísafirði.

Flokkur II eru umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist, og staðir sem kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.

Aðalstræti 35 fastanr. 2119102, er skráð á byggingarstig 7, sem er fullgerð bygging. Húsið er á svæði sem skilgreint er sem Miðsvæði M4, í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Ákvæði skipulagsins fyrir miðsvæði eru eftirfarandi. Gert er ráð fyrir því að á svæðinu byggist upp þéttur og líflegur aðlaðandi kjarni með fjölbreyttri verslun, þjónustu og íbúðum.

Eldvarnareftirlit Ísafjarðarbæjar fellst á að ofangreint leyfi verði veitt miðað við 150 manns. Með vísan í umsögn dags. 09.11.2018

Heilbrigðiseftirlit gerir ekki athugasemd með vísan í umsögn dags. 4. jan. 2018

Með vísan í ofangreint gerir skipulags- og byggingafulltrúi ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Axel Rodríguez Överby
- skipulags- og byggingafulltrúi -